

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Voga

Erindisbréf

I. Stjórnskipuleg staða

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Voga starfar í umboði bæjarstjórnar að umhverfismálum.

II. Skipan nefndarinnar

Nefndin skal skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara sem kosnir eru til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Forstöðumaður umhverfis og eigna er starfsmaður nefndarinnar og situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Bæjarstjóri á rétt á að sitja fundina með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla á fund nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar. Nefndin kýs sér varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

III. Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

Að leita umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila, t.d. um umhverfismál, mat á umhverfisáhrifum, náttúruvernd, ferlimál, brunamál, hollustuhætti og öryggismál.

Að móta stefnu í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna og íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, verndun náttúru- og menningarminja og heilnæmt umhverfi, í samráði við bæjarstjórn og íbúa sveitarfélagsins.

Að hafa umsjón og eftirlit með friðlýsum og vernduðum svæðum og minjum innan bæjarfélagsins og gera tillögur til bæjarstjórnar um að skrá, friðlýsa og/eða vernda náttúru- og fornminjar. Ennfremur að gera tillögur um hvernig haga skuli merkingu og kynningu náttúru- og fornminja og staða sem henta vel til útivistar.

Að stuðla að gróðurvernd í samræmi við ákvæði laga um landgræðslu nr. 155/2018 og laga um skógrækt nr. 3/1955 (með síðari breytingum) m.a. með ábendingum og tillögugerð til bæjarstjórnar.

Að stuðla að snyrtilegum frágangi mannvirkja og opinna svæði í Sveitarfélaginu Vogum, góðri umgengni um landið og alhliða fegurð bæjarins. Skal áhersla lögð á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi.

Að gera árlega tillögu til bæjarstjórnar um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis.

Að stuðla með fræðslu og kynningu að aukinni þátttöku íbúa og stofnana bæjarfélagsins í vistvernd, m.a. um endurvinnslu, endurnýtingu, og orkusparnað.

Að vinna í anda laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum í bæjarfélaginu.

Að gera tillögu til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hverskyns aðra kynningu til íbúa, fyrirtækja og stofnana um þau mál sem falla að verksmiði nefndarinnar.

Að vinna að öðrum þeim málum er bæjarstjórn felur nefndinni.

IV. Starfshættir

Um starfshætti og málsmeðferð umhverfisnefndar gilda ákvæði samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga eftir því sem við á.

Nefndin kemur saman á lokuðum fundum, á fastákveðnum fundartíma að jafnaði annan hvorn mánuð. Nefndinni er þó heimilt að fella niður tvo reglulega fundi vegna orlofs fundarmanna. Forstöðumaður umhverfis og eigna boðar til fundar í samráði við formann. Fundarboðun skal vera skrifleg með tilgreindri dagskrá, fundartíma og fundarstað. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Boða skal til fundar ef tveir nefndarmenn óska þess skriflega. Heimilt er að boða til funda með rafrænum hætti með samþykki nefndarmanna.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn ritari ritar fundargerð í gerðabókina. Í fundargerðinni skal koma fram hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Einnig skal skrá fjölda mála og afgreiðslu þeirra. Heimilt er að færa fundargerð í tölvu, sé það gert skal bókað í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundaslit og greina blaðsíðutal fundagerða. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Frumritum fundagerða skal formaður nefndarinnar skila jafnóðum til skrifstofu bæjarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur er meirihluti nefndarinnar er mættur á fundinn. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla á jöfnu.

V. Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfisnefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Voga í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess.

VI. Starfsmannamál

Bæjarstjórn ræður forstöðumann umhverfis og eigna. Hann skal hafa menntun og reynslu á sviði umhverfismála, t.d. garðyrkjufraði eða sambærilegt.

Forstöðumaður umhverfis og eigna vinnur náíð með nefndinni og situr fundi hennar. Hann veitir nefndinni faglega aðstoð og sinnir þeim verkefnum sem nefndin felur honum. Einnig annast hann skýrslugerð um þau málefni er lúta að starfsvettvangi nefndarinnar.

VII. Meðferð ágreiningsmála.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu nefndarinnar er honum heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um eða mátti verða kunnugt um afgreiðsluna að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011, enda heyri ágreiningurinn undir valdsvið þeirrar úrskurðarnefndar.

VIII. Lög og reglugerðir

Nefndin skal við störf sín taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um umhverfismál. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga eins og hún er hverju sinni, ásamt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og stjórnarsýslulaga.

Samþykkt í bæjarstjórn 27.02.2019